


Sökkull

Mkv. 1/50




Snið C - C

Mkv. 1:20




Snið A - A

Mkv. 1:20




Snið B - B

Skýringar:

Jarðvinna og fyllingar undir húsi

Grafa skal burt allan lausan jarðveg á fastan botn.
Fylla skal undir sökkul með viðurkenndu fyllingarefni ( möl ).
Þjappa skal fyllinguna þannig að þjöppunarpróf sýni minnst eftirfarandi niðurstöðu E2 > 100 Mpa og E2/E1 < 2,4.
Inn í sökkla skal fylla með frostfríu viðurkenndu fyllingarefni ( möl ) og þjappa í lögum, ekki þykkari en 300 mm.

Steypa og steypustyrktarstál:

Steypa í sökkla og gólfplötu skal vera C25/30, sement minnst 300 kg/m3.
Loftinnihald steypu skal vera 5-7 % og v/s hlutfall minna en 0,5.
Í gólfplötu skal setja járnbendingu K10 c/c 250, heimilt er að nota mendinet K-189 í gólfplötu.
Undir gólfplötu skal setja plasteinangrun 75 mm þykkt, rúmþyngd 24 kg/m3
Sökkla skal einangra með 75 mm plasteinangrun, rúmþyngd 24 kg/m3
Steypustyrktarstál er kambstál KS50.

Göt í undirstöður

Utan um göt í undirstöðum skal setja 2K12 við hverja brún og skulu þau ná 600 mm út fyrir brún gats.

A = kóti á neðri brún gats
B = breidd á gati
C = hæð á gati

Festingar:

Festing A. Reimar boltaðar við gólfplötu með innsteyptum boltum M12 L = 300+30 c/c 600 mm. með skinnu 50 x 50 x 5 mm. undir ró sem standa 120 mm upp úr steypu og 50 mm fyrir innan ytri sökkulbrún. Milli timburs og steypu skal setja 2 lög af tjörupappa.

Festing B. Sperrur festast ofan á veggi með vinklum BMF 90, 2 stk. neglt með 2x(8+10) k40/40.

Festing C. Togband festist með 2 x 12 mm boltum og skinnum 50 x 50 x 5 undir ró og haus.

Festing D. Sperrur skulu mætast í mæni. Festa skal þær saman með 12 mm krossviði beggja vegna límdum og skrúfuðum í sperrur. Skrúfur: 5 x 50, 4 x 10 stk.

Festing E. Undir og yfirstykki festist við stoðir með BMF plötu 50 x 200 x 1,5 mm og neglt með 2 x 4k 40/50

Grind veggja 50x150 c600 fura K-24, sperrur 50x200 c 600 fura K24.

Borðaklæðning. Heilklæða skal ofan á sperrur með 25x150 borðum. Hvert borð skal neglt í sperru með 3 stk 40/75 kambsaum. Við gafla skal negla í hvert borð með 4 stk 40/75 kambsaum í reimina sem fest er utan á vegginn. Borð skulu sett saman yfir sperrum og mega samsetningar aldrei vera tvær eða fleiri yfir sömu sperru. Hvert borð skal ekki vera styttra en 3.6 metrar. Neðsta meterinn á þakinu og fyrstu tvær sperrur við gafla skal negla með 4 stk af 40/75 kambsaum í hvert borð og sperru.

Þakpappi. Þak skal klæða með þakpappa sem alsstaðar skal skarast um minnst 100 mm og negla með galv. pappasaumi á c/c 50 mm.

Þakstál. Plöturnar skulu lagðar á þakið í heilum lengdum. Hliðarskörum sé ein og hálf bára. Þakstálið skal negla eða skrúfa og skulu vera þéttingar á nöglum eða skrúfum. neðsta röð (100 mm frá brún) skal negld í aðra hverja hábáru. Næsta röð (200 mm frá neðstu brún) skal einnig negla í aðra hverja hábáru. Rest neglist í aðra hverja hábáru með 600 mm. á milli raða.

Vindstífing veggja. klæða skal utan á timburgrind með 9 mm vatnsþolnum krossviðarplötum. Negla skal í allar stoðir, yfir- , undirstykki og lausholt með 2,5" galvaníseruðum nöglum með haus c/c 120 mm. Plötur skal skeyta saman á stoðum og lausholtum. Kýtta skal í öll samskeyti á plötum.

Tækniþjónusta Vestfjarða
Aðalstræti 26, 400 Ísafirði. Sími: 456 3902. Fax 456 5097

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brautarholt 8, Skeiðum. Bílgeymsla | | | 07 - 1135 |
| Sökkull og snið | | | |
| TEIKNINÚMER B-01 | MÆLIKVARÐI 1/50 - 1/20 | ÚTGÁFA 01 | Sveinn D K Lyngmo kt 290555-2059 |

| | DAGSETNING | NAFN |
|---|---|---|
| HANNAÐ | sept. 2007 | SDKL |
| TEIKNAÐ | sept. 2007 | PHA |
| YFIRFARIÐ | | |

| ÚTG. | BREYTING | DAGS. | NAFN |
|---|---|---|---|
| | | | |